

## Svar

### háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rannveigu Sigurgeirsdóttur um farsímasamband í dreifbýli.

1. *Hversu mörg lögheimili í dreifbýli voru án farsímasambands árin 2021 og 2020? Svar óskast sundurliðað eftir póstnúmerum.*

Árin 2020 og 2021 voru 122 og 117 lögheimili með lítið eða ekkert samband samkvæmt eigin útbreiðsluspám farsímafélaganna. Sjá nánari forsendur og töflu hér á eftir.

2. *Hversu mörg lögheimili í dreifbýli bjuggu við stopult farsímasamband árin 2021 og 2020? Svar óskast sundurliðað eftir póstnúmerum.*

Árin 2020 og 2021 voru 1.701 og 1.693 lögheimili með slitrótt eða stopult samband samkvæmt eigin útbreiðsluspám farsímafélaganna. Sjá nánari forsendur og töflu hér á eftir.

3. *Hvað hyggst ráðherra gera til að ráða bætur á farsímasambandi í dreifðum byggðum og tryggja fjarskiptaöryggi íbúa?*

Samanber greiningu Fjarskiptastofu eru rúmlega 100 lögheimili sem búa við lítið eða ekkert farsímasamband utan dyra árið 2021 sem þýðir enn lakara eða ekkert farsímasamband innan dyra. Um er að ræða áætlun sem byggir á spálíkönnum frá farsímafélögunum en ekki formlegum raunmælingum. Raunveruleg staða getur því verið bæði betri og verri í einhverjum tilvikum. Með það að markmiði að láta sannreyna þessa stöðu og meta jafnframt þörf fyrir aðgerðir til úrbóta til skemmri tíma hyggst ráðherra fela Fjarskiptastofu og Neyðarlínumni að greina þessi lögheimili nánar með tilliti til þess hvort þau hafi aðgang að ljósleiðara eða þeim standi til boða að fá slíka tengingu í ár á grundvelli *Ísland ljóstengt* eða hvort Neyðarlínan hafi þegar gert úrbætur eða telji forsendur til að gera þar úrbætur á grundvelli útnefningar félagsins sem alþjónustuveitanda í fjarskiptum. Inntak alþjónustunnar samkvæmt útnefningunni er símaþjónusta og nothæf internetþjónusta sem skal skila a.m.k. 10 Mb/s meðaltalshraða á sólarhring. Símaþjónustan skal uppfylla nógildandi gæðaviðmið innan alþjónustu sem Fjarskiptastofa hefur gefið út, t.d. hvað varðar uppitíma og viðbragðstíma vegna bilana, með tilliti til þeirrar ólíku tækni sem notast er við hverju sinni.

Þá mun ráðherra biðja fjarskiptasjóð að fylgjast með þróun mála og meta forsendur fjárhagslegrar aðkomu sinnar að nauðsynlegum úrbótum hafi önnur úrræði verið fullreynd. Með þessum hætti verður brugðist strax við gagnvart þeim lögheimilum um land allt sem standa líklega verst og þeim tryggt lágmarksfjarskiptaöryggi sem getur falist í öðrum sértækari, hagkvæmari og fljótlegri lausnum en að byggja frá grunni nýja fjarskiptastaði fyrir farnetssenda.

Farsímaþjónusta út af fyrir sig er ekki lögboðin þjónusta á lögheimilum landsins sem ríkinu ber að tryggja. Inn í þessa mynd spilar vissulega niðurlagning Símans á heimasímanum (PSTN) sem notast við gömlu koparlínurnar og er langt komin í framkvæmd. Þar er verið að leggja niður þráðbundið talsímakerfi sem þjónað hefur lögheimilum til margra áratuga sem eðlilega getur skapað öryggi. Í stað þeirrar þjónustu er að jafnaði boðin talsímaþjónusta yfir

nettengingu. Rétt er þó að benda á þá staðreynd að 4G farnetsþjónusta er þegar aðgengileg 99,9% lögheimila landsins.

Hvað hver og einn einstaklingur telur vera tryggt fjarskiptaöryggi á hverjum tíma er mismunandi og háð aðstæðum. Margt getur haft áhrif á upplifun notenda, svo sem langdrægni loftneta í farsísum o.fl. Frá sjónarhóli stjórnvalda er þó brýnast að öll lögheimili landsins geti að lágmarki átt samskipti við 112, óháð því hvaða tækni er notuð til þess, og tekur fyrrgreind aðgerðaáætlun mið af því. Þannig er tryggt lágmarksfjarskiptaöryggi allra lögheimila landsins.

### Forsendur fyrir niðurstöðum Fjarskiptastofu.

Niðurstöður byggja á útbreiðsluspálíkönunum fjarskiptafyrirtækja en ekki beinum mælingum á útbreiðslu tiltekinna eftirfarandi farsíma- (2G) og farnetskerfa (3G og 4G). Um er að ræða:

- 2G og 3G hjá Símanum,
- 2G og 3G hjá Vodafone og
- 3G og 4G hjá Nova.

Gæði talsambands innandyrar:

- *Gott samband.* Gott samband innandyrar.
- *Slitrótt samband.* Ágætis samband utandyrar en slitrótt innandyrar og ólíklegt að merkið sé sterkt um allt húsið (gæti verið gott við glugga o.s.frv.).
- *Lítið/ekkert samband.* Lélegt eða ekkert samband utandyrar og því ekkert samband innandyrar.

Niðurstöðurnar byggjast á besta merki frá einu fjarskiptafélagi.

Upplýsingar um lögheimili eru fengnar úr Þjóðskrá og flokkun í dreifbýli er gerð eftir mannvirkjalagi LMÍ.

Ekki er horft til þess í þessu sambandi hvort heilsársbúseta sé á umræddum lögheimilum.

Öll póstnúmer voru til skoðunar hjá Fjarskiptastofu þar sem mörk póstnúmera og dreifbýlis/dreifbýlis eru ekki hin sömu, þ.e. lögheimili í dreifbýli kunna að vera í póstnúmeri sem jafnan er talið vera fyrir þéttbýli og öfugt.

Sjá nánar áætluð gæði farsíma- og farnets á lögheimilum í dreifbýli 2020 og 2021 flokkað eftir póstnúmerum í eftirfarandi töflu.

Póst nr.	Fjöldi lögheimila í dreifbýli	Gott samband 2020	Slitrótt samband 2020	Lítið/ekkert samband 2020	Gott samband 2021	Slitrótt samband 2021	Lítið/ekkert samband 2021
101	0	0	0	0	0	0	0
102	0	0	0	0	0	0	0
103	0	0	0	0	0	0	0
104	0	0	0	0	0	0	0
105	0	0	0	0	0	0	0
107	0	0	0	0	0	0	0
108	0	0	0	0	0	0	0
109	4	4	0	0	4	0	0
110	110	110	0	0	110	0	0
111	1	1	0	0	1	0	0
112	2	2	0	0	2	0	0
113	9	9	0	0	9	0	0
116	0	0	0	0	0	0	0
161	5	5	0	0	5	0	0

Póst nr.	Fjöldi lögheimila í dreifbýli	Gott samband 2020	Slitrótt samband 2020	Lítið/ekkert samband 2020	Gott samband 2021	Slitrótt samband 2021	Lítið/ekkert samband 2021
162	84	78	3	3	78	3	3
170	1	1	0	0	1	0	0
190	34	34	0	0	34	0	0
191	24	13	11	0	13	11	0
200	269	269	0	0	269	0	0
201	0	0	0	0	0	0	0
203	3	3	0	0	3	0	0
206	5	1	4	0	1	4	0
210	58	58	0	0	58	0	0
220	4	4	0	0	4	0	0
221	3	3	0	0	3	0	0
225	5	5	0	0	5	0	0
230	74	74	0	0	74	0	0
233	2	2	0	0	2	0	0
235	0	0	0	0	0	0	0
240	5	5	0	0	5	0	0
241	17	17	0	0	17	0	0
245	0	0	0	0	0	0	0
246	20	15	5	0	15	5	0
250	1	1	0	0	1	0	0
251	1	1	0	0	1	0	0
260	0	0	0	0	0	0	0
262	0	0	0	0	0	0	0
270	94	94	0	0	94	0	0
271	46	42	4	0	42	4	0
276	87	52	29	6	52	29	6
300	0	0	0	0	0	0	0
301	168	133	34	1	133	34	1
310	6	6	0	0	6	0	0
311	345	215	127	3	215	127	3
320	98	73	25	0	76	22	0
340	1	1	0	0	1	0	0
341	26	23	2	1	23	2	1
342	37	18	19	0	18	19	0
345	5	4	1	0	4	1	0
350	3	3	0	0	3	0	0
351	19	12	7	0	12	7	0
355	0	0	0	0	0	0	0
356	52	35	14	3	39	12	1
360	3	3	0	0	3	0	0
370	0	0	0	0	0	0	0
371	156	93	54	9	93	54	9
380	3	3	0	0	3	0	0
381	54	24	23	7	24	23	7
400	7	7	0	0	7	0	0
401	16	8	7	1	9	4	3
410	1	1	0	0	1	0	0
415	2	2	0	0	2	0	0

Póst nr.	Fjöldi lögheimila í dreifbýli	Gott samband 2020	Slitrótt samband 2020	Lítið/ekkert samband 2020	Gott samband 2021	Slitrótt samband 2021	Lítið/ekkert samband 2021
416	6	3	1	2	3	1	2
420	1	1	0	0	1	0	0
421	5	2	3	0	2	3	0
425	0	0	0	0	0	0	0
426	23	15	4	4	15	4	4
430	0	0	0	0	0	0	0
431	5	0	3	2	0	3	2
450	0	0	0	0	0	0	0
451	46	18	23	5	18	23	5
460	3	3	0	0	3	0	0
461	10	7	1	2	7	1	2
465	0	0	0	0	0	0	0
466	11	4	4	3	4	4	3
470	0	0	0	0	0	0	0
471	23	21	2	0	21	2	0
500	49	27	21	1	27	21	1
510	0	0	0	0	0	0	0
511	47	36	10	1	36	10	1
512	5	1	0	4	1	0	4
520	5	5	0	0	5	0	0
524	27	20	4	3	20	4	3
530	3	3	0	0	3	0	0
531	144	84	59	1	84	59	1
540	10	10	0	0	10	0	0
541	157	87	65	5	87	65	5
545	0	0	0	0	0	0	0
546	21	18	3	0	18	3	0
550	6	6	0	0	6	0	0
551	156	101	50	5	101	50	5
560	6	6	0	0	6	0	0
561	163	70	85	8	70	85	8
565	0	0	0	0	0	0	0
566	40	16	23	1	16	23	1
570	29	17	10	2	17	10	2
580	0	0	0	0	0	0	0
581	2	1	0	1	1	0	1
600	5	5	0	0	5	0	0
601	4	4	0	0	4	0	0
603	3	3	0	0	3	0	0
604	154	126	20	8	131	20	3
605	302	254	44	4	254	44	4
606	81	75	6	0	75	6	0
607	36	17	16	3	17	16	3
610	0	0	0	0	0	0	0
611	2	2	0	0	2	0	0
616	26	20	6	0	20	6	0
620	17	17	0	0	17	0	0
621	85	52	33	0	52	33	0

Póst nr.	Fjöldi lögheimila í dreifbýli	Gott samband 2020	Slitrótt samband 2020	Lítið/ekkert samband 2020	Gott samband 2021	Slitrótt samband 2021	Lítið/ekkert samband 2021
625	1	1	0	0	1	0	0
626	11	5	5	1	5	5	1
630	5	5	0	0	5	0	0
640	26	26	0	0	26	0	0
641	214	144	65	5	144	65	5
645	34	18	15	1	18	15	1
650	7	7	0	0	7	0	0
660	68	40	28	0	40	28	0
670	0	0	0	0	0	0	0
671	79	56	23	0	56	23	0
675	1	1	0	0	1	0	0
676	9	2	6	1	2	6	1
680	0	0	0	0	0	0	0
681	39	16	22	1	16	22	1
685	0	0	0	0	0	0	0
686	5	3	2	0	3	2	0
690	0	0	0	0	0	0	0
691	50	30	19	1	30	19	1
700	8	8	0	0	8	0	0
701	275	159	111	5	159	111	5
710	5	5	0	0	5	0	0
711	6	6	0	0	6	0	0
715	9	8	1	0	8	1	0
720	0	0	0	0	0	0	0
721	15	12	3	0	12	3	0
730	5	5	0	0	5	0	0
731	4	4	0	0	4	0	0
735	1	1	0	0	1	0	0
736	8	6	2	0	6	2	0
740	0	0	0	0	0	0	0
741	22	22	0	0	22	0	0
750	0	0	0	0	0	0	0
751	21	19	2	0	19	2	0
755	1	1	0	0	1	0	0
756	2	0	2	0	0	2	0
760	0	0	0	0	0	0	0
761	26	17	9	0	17	9	0
765	3	3	0	0	3	0	0
766	43	21	19	3	21	19	3
780	14	14	0	0	14	0	0
781	104	72	31	1	72	31	1
785	31	30	1	0	30	1	0
800	68	68	0	0	68	0	0
801	88	80	8	0	80	8	0
803	198	145	53	0	145	53	0
804	132	110	22	0	110	22	0
805	85	71	14	0	71	14	0
806	140	128	12	0	128	12	0
810	10	10	0	0	10	0	0
815	0	0	0	0	0	0	0
816	127	104	23	0	104	23	0

Póst nr.	Fjöldi lögheimila í dreifbýli	Gott samband 2020	Slitrótt samband 2020	Lítið/ekkert samband 2020	Gott samband 2021	Slitrótt samband 2021	Lítið/ekkert samband 2021
820	21	21	0	0	21	0	0
825	4	4	0	0	4	0	0
840	3	3	0	0	3	0	0
845	11	11	0	0	11	0	0
846	80	72	8	0	72	8	0
850	36	36	0	0	36	0	0
851	305	207	98	0	207	98	0
860	3	3	0	0	3	0	0
861	282	121	158	3	121	158	3
870	0	0	0	0	0	0	0
871	52	42	10	0	42	10	0
880	1	1	0	0	1	0	0
881	107	42	64	1	42	64	1
900	28	28	0	0	28	0	0
	<b>6.621</b>	<b>4.798</b>	<b>1.701</b>	<b>122</b>	<b>4.811</b>	<b>1.693</b>	<b>117</b>